



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður 16.5.2018

Málsnr. 1801499

Umsögn vegna fyrirspurnar um stækkun húss við Hellisgötu 32.

Þann 11.5. sl. bárust nýjar fyrirspurnar teikningar með tölvupósti þar sem búið er að lagfæra þær í samræmi við athugasemdir sem gerðar voru við erindið í febrúar sl.

Óskað er eftir að stækka húsið við Hellisgötu 32 með viðbyggingu bakatil á lóðinni um 3m út og einnig að stækka bílskúr um 1,4m til austurs.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir umrætt svæði. Hins vegar er verið að vinna að gerð nýs deiliskipulags fyrir Vesturbæinn. Hafa hugmyndir að stækkun hússins verið sendar skipulagshöfundum til skoðunar.

Frá því að erindið barst fyrst til byggingarfulltrúa hefur verið gerð fornleifaskráning í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Í ljós hefur komið að við húsið eru fornminjar skráðar nr. 359 í skýrslu Fornleifastofnunar sem unnin var að Bjarna F. Einarssyni. Leggja þarf mat á hvernig nálgast skuli þessar fornleifar en sk. lögum er kveðið á um 15m friðhelgi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir útitröppum upp á nýjar svalir bakatil við húsið. Viðbygging á austurhlið eru 2,4m frá aðliggjandi lóðarmörkum við Hellisgötu 30. Með tilkomu stiga utaná þá viðbyggingu verður enn styttra í lóðarmörk.

Einnig er verið að stækka núverandi bílskúr er liggur við lóðarmörk Hraunbrúnar 2B.

Ekki er unnt að afgreiða málið að svo stöddu þar sem þarf að fá úr því skorið hvernig skuli umgangast fornminjarnar innan lóðar í samræmi við lög um menningarminjar 80/2012.. Erindið verður sent Fornleifastofnun og Minjastofnun Íslands til umsagnar.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt